

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 2. mars 2020

Mál nr. S-1069/2019:

Héraðssaksóknari

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Daníel Reynisson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 6. janúar 2020, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 15. ágúst 2019, á hendur X, kt. 000000-0000, [...], „fyrir nauðgun en til vara fyrir kynferðislega áreitni, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 2. september 2018, utan við skemmtistaðinn [...] við [...] í Reykjanesbæ, beitt B ólögumatri nauðung með því að strjúka yfir rass og kynfæri hennar utan- og innanklæða og stinga fingri inn í leggöng hennar án þess að hafa til þess samþykki hennar.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 199. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.150.000.- í skaða- og miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2018 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa lögmanns B skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til virðisaukaskatts.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfi. Hann krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Sakarkostnaður verði allur greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var lögregla við eftirlit á [...] í Reykjanesbæ til móts við [...] klukkan 05:48 hinn 2. september 2018 þegar stúlka að nafni E kom og tjáði lögreglu að brotið hefði verið kynferðislega á frænku sinni, B, brotþola. Í framhaldinu hafi brotþoli komið og rætt við lögreglu. Er haft eftir brotþola í skýrslunni að maður að nafni X, ákærði í máli þessu, hafi þreifað inn undir pils og nærbuxur hennar og einnig stungið fingri í leggöng hennar. Hafi ákærði verið að reyna við brotþola og reynt að fá með sér heim. Brotþoli hafi hitt konu, systur fyrrverandi maka föður síns, og talað við hana þegar ákærði hafi farið að áreita brotþola. Hún hafi vegna blygðunar reynt að leyna framkomu hans en reynt að koma honum frá sér með því að gefa honum olnbogaskot og klípa, en hann hafi haldið áfram. Í skýrslunni segir að brotþoli hafi verið í miklu uppnámi, grátandi og grátbólgin um augu. Hún hafi gefið öndunarsýni og alkóhólmælir sýnt 1,63%. Lögregla hafi óskað eftir aðstoð og hafi aðrir lögregluþjónar fundið ákærða skammt frá vettvangi og beðið hann að koma með sér á lögreglustöð. Hafi ákærði samþykkt það. Þar hafi hann verið handtekinn. Ákærði hafi gefið öndunarsýni og alkóhólmælir sýnt 0,81%.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu klukkan 15:00 hinn 2. september. Sagði hann þar meðal annars að þau brotþoli hefðu farið að [...] en þar verið búið að loka. Þau hefðu verið að kyssast og halda hvort utan um annað. Kona hafi þá byrjað að tala við brotþola „á meðan ég held um [brotþola] að aftan og í stríðni þá fer ég alveg neðar en hún streitist ekki á móti því, hún slær aðeins í mig en ég hélt hún hafi bara [...] verið að leika eða hvað. Og hún segir eitthvað, hún ætlar að tala við konuna, og ég fer undir og ég [...] fer bara og strýk henni aðeins þar og ég held [...] er á rassinum hennar og þar undir [...] þar til á endanum þá hætti ég og fer inn í samræðurnar hjá henni og konunni. Svo um leið og konan fer þá sé ég að hún er í smá uppnámi og henni leið svolítið vandræðalega og ég sé það að henni leið rosalega vandræðalega og [...] ég fattaði ekki fyrr en bara, ég áttaði mig ekki á því akkúrat þá.“ Síðar í skýrslutökunni segist ákærði hafa strokið milli læra brotþola og „upp eftir þarna með rasskinninni“. Hann hafi stefnt að kynfærum brotþola „en var ekki að alveg að ná þar“. Svo hafi hann hætt skyndilega. Hann er nánar spurður hvernig hann hafi komið við kynfæri brotþola og segist hafa gert það „með fingrunum“, nánar spurður nefnir hann löngutöng. Hann segist hins vegar aldrei hafa farið inn í leggöngin.

Samkvæmt skýrslu voru stroksýni tekin af fingrum ákærða kl. 07:00 um morguninn. Einnig voru teknar munnholstrokur hjá brotþola. Bæði samþykktu sýnatökuna. Sýnin voru send til rannsóknar hjá nánar greindri erlendri rannsóknarstofu. Í skýrslu I, sérfræðings á tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 3. desember 2018, segir að niðurstöður rannsóknarinnar hafi verið þær að í greiningu á sýni af vísifingri og löngutöng vinstri handar hafi komið DNA snið eins og DNA snið brotþola og í greiningu á sýni af baugfingri og þumli vinstri handar hafi komið blanda DNA sniða frá að minnsta kosti tveimur einstaklingum. Það DNA snið sem hafi verið í meirihluta í sýninu hafi verið eins og DNA snið brotþola en það sem til viðbótar hafi verið hafi ekki verið unnt að „samkenna við einstakling.“ Þá segir í skýrslunni að samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarstofunni hafi „báðir pinnar í hvorri öskju“ verið sameinaðir og rannsakaðir saman. Væri það gert til að auka líkur á að fá niðurstöður við greininguna. Þetta geri hins vegar að verkum að ekki verði fullyrt „hvort lífsýni brotþola hafi verið á báðum pinnum öskjunnar eða bara öðrum þeirra.“ Í skýrslunni segir jafnframt að ekki hafi komið DNA snið af fingrum hægri handar ákærða.

Brotþoli kom á Neyðarmóttöku kl. 17:40 hinn 2. september. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings er haft eftir henni að hún hafi verið úti að skemmta sér með frænku sinni, E, og maður einn hafi verið að reyna við hana allt kvöldið. Undir morgun hafi hún verið að tala við konu fyrir utan skemmtistað þegar maðurinn hafi komið að henni og tekið sér stöðu við hlið hennar, káfað á henni og farið með hönd undir föt hennar og sett fingur í leggöng. Þetta hafi staðið stutt yfir en hún hafi gefið honum olnbogaskot og klipið hann. Hún hafi sagt honum að hætta en hann ekki hætt. Hún hafi séð föður sinn nálægt og þá fengið kraft til að öskra á manninn. Konan sem hún var að tala við hafi séð að er ekki væri allt í lagi. Þær hafi náð í hjálp og farið hafi verið með hana að næstu lögreglubifreið þar sem hún hafi gefið skýrslu.

Í móttökuskýrslu skráir L hjúkrunarfræðingur mat sitt á brotþola í viðtalinu: „Líður ekki vel, er fól og brestur í grát þegar að hún segir frá atviki. Er samt yfirveguð og gefur góða sögu. Er ánægð að hafa komið. Er óglatt þegar að blóðprufa er tekin og kastar nær upp. Það líður svo hjá.“

Brotþoli gekkst undir læknisskoðun á neyðarmóttöku. Í skýrslu K læknis um skoðunina segir að brotþoli hafi borið sig vel og sagt skýrt frá. Hún hafi grátið einu sinni. Í niðurstöðum ritar læknirinn að ekki hafi verið að sjá neitt óeðlilegt við

kvenskoðun og að brotaþoli kenni ekki til. Strax eftir atvikið hafi hún hins vegar verið með einhvern erting í kynfærum. Tekin hafi verið hefðbundin réttarlæknisfræðileg gögn.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa verið að dansa á skemmtistaðnum [...] í Keflavík og þar séð stúlku sem hefði verið að gefa sér auga. Hann hefði farið að dansa við hana. Eftir eitt eða tvö lög hefðu ljós verið kveikt og staðnum lokað. Þau hefðu farið „á barinn“ og þar hefði ákærði spurt hana að nafni en hún spurt á móti hvort hann myndi ekki eftir sér. Þá hefði ákærði munað lauslega eftir að hafa hitt hana áður. Í ljós hefði komið að hann hefði hitt hana „á tinder“ í apríl 2017 og í framhaldi af því hefðu þau sofist saman einu sinni. Þau hefðu „ekki haft mikil samskipti eftir það“.

Ákærði sagði að stúlkan og vinkona hennar hefðu verið á leið á [...] eftir þetta samtali og hefðu boðið ákærða með. Ákærði hefði haldið utan um hana á leiðinni þangað en í ljós hefði komið að búið var að loka staðnum. Þar fyrir utan hefði hún ætlað að hringja í föður sinn og hefði gefið ákærða til kynna að þeir þekktust „og þess vegna hafði hún gefið mér fingurinn fyrr um kvöldið.“ Ákærði hefði þá munað að fyrr um kvöldið hefði hann séð föður stúlkunnar fyrir utan [...] og faðirinn þá verið með stúlku með sér og hún hefði „gefið [ákærða] fingurinn“.

Ákærði sagði að eftir þetta hefðu hann og brotaþoli farið að kyssast og halda hvort utan um annað. Hún hefði þá sagt sér að hún hefði sent föður sínum skilaboð og beðið hann um að sækja sig. Eftir þetta hefði brotaþoli beðið ákærða um „að fara með sér afsíðis í tvær mínútur.“ Hún hefði eitthvað þurft „að sannfæra vinkonu sína“, E, um að þau ákærði þyrftu að fara eitthvert afsíðis. Ákærða hefði líkað þetta vel en þegar þau hefðu verið „komin að grindverkinu“ hefði einhver kona farið að tala við brotaþola. „Og ég er búinn að vera að halda utan um rassinn á stelpunni bara alveg frá því við byrjuðum að labba afsíðis og þegar vinkona hennar er að tala við hana. Og ég hélt alveg utan um hana og hún hélt utan um mig. Og um leið og við byrjuðum að tala, við grindverkið, þá byrja ég að fara undir og ég byrja að þukla á henni og undir kjólinn, [...] hún var í sokkabuxum og ég var alveg þínu ákafur, en hún hallaði sér að mér og það var ekkert annað en spenna í loftinu hjá okkur. Og eftir stutta stund, og ég var alveg ákafur þarna, ég var alveg ákafur en svo hætti ég og fer inn í samræðurnar, út af því að konan sem ég var að tala við okkur hún fór að tala um hluti sem ég kannaðist við og ég byrjaði að spjalla við hana. Ég veit ekki hversu lengi við spjölluðum saman, [...] það voru fleiri fleiri mínútur, og síðan

löbbum við saman að götunni“. Þau hefðu spjallað saman en skyndilega hefði brotapolí breytt um svip, eins og eitthvað væri breytt, og ákærði hefði séð „að það var eitthvað að gerast“. Mögulega hefði það verið tengt föður hennar „og ég sá að ég hefði farið of langt með þetta, að bara fara að labba með henni og vitandi um að það væri eitthvað vesen með pabba hennar, hann ásakaði mig um [...], sem er engan veginn mín sök, og hann var mjög reiður út í mig og ég vissi að hann hún vissi af því. Ég hafði aldrei í hyggju áður að fara heim með henni, hún hafði samt gefið í skyn, hún sagði mér [...] að hún væri á leiðinni [...], hún veit að ég átti heima [...]“. Ákærði sagðist ekki hafa gefið í skyn að þau færu heim saman og sjálfur hefði hann ekki gert ráð fyrir því. Ákærði hefði þarna ákveðið að nóg væri komið, snúið við og gengið burtu en hún öskrað eitthvað á eftir sér. Vinur sinn einn hefði verið í för með sér. Ákærði hefði gengið í áttina að veitingastaðnum [...] og á leiðinni hefði hann spjallað við vinkonu sína og þá séð útundan sér að vinkona brotapóla væri á leiðinni. Ákærði hefði séð að vinkonan ætlaði að slá sig og hefði því sett hendur fyrir höfuð sér. Vinkonan hefði slegið sig nokkurum sinnum en ákærði snúið sér undan og gengið burt. Hefði ákærði þá heyrt föður brotapóla öskra á eftir sér. Ákærði hefði gengið niður húsasund og þar hefði faðir brotapóla beðið sig um að nema staðar og snúa að sér. Það hefði ákærði gert og faðir brotapóla þá sagt eitthvað við hann. Ákærði hefði séð „ekkert gott [væri] að fara að koma út úr þessu“, og því gengið burt. Ákærði hefði aftur hitt vinkonu sína og spjallað við hana. Lögreglubífið hefði þá komið að og lögregla beðið sig um að setjast upp í hana, sem ákærði hefði gert. Í framhaldinu hefði ákærði verið beðinn um að koma með á lögreglustöðina sem hann hefði samþykkt. Ákærði sagðist hvorki hafa vitað hvað væri að gerast né hvers vegna hann væri þarna. Ákærði hefði verið hafður í fangaklefa um nóttina. Eftir það hefði hann verið vakinn og fenginn til að gefa skýrslu.

Ákærði sagði að áður en konan, sem fór að tala við brotapolu, hefði komið að, hefðu þau brotapolu verið búin að halda utan um hvort annað á leiðinni og hefðu verið búin að kyssast, faðmast og þreifa hvort á öðru. Þar á meðal hefði ákærði haldið fast utan um sitjanda brotapóla, utan klæða. Brotapolu hefði haldið um axlir og mjóbak ákærða en hann kvaðst ekki geta fullyrt að hún hefði einnig haldið um sitjanda sinn.

Ákærði var spurður nánar um hvernig hann hefði snert brotapolu á þeim tíma þegar konan hefði verið hjá þeim og spjallað við þau. Hann sagðist hafa verið ákafur og hafa nuddað „aðeins“, í nokkurar sekúndur. Hann hefði verið utan klæða en sokkabuxur brotapóla hefðu annað hvort rifnað eða verið rifnar áður. Ákærði sagðist hafa farið á

kynfæri brotaþola. Spurður hvort það hefði verið utan eða innan klæða svaraði hann: „Nú hvernig það var, þá fann ég ekki fyrir því en það hefur líklega verið, komið innan klæða.“ Fingur sinn hefði hins vegar ekki farið inn í leggöng brotaþola og hefði hann ekki heldur ætlað sér það. Þegar þetta hefði verið hefðu þau haldið hvort utan um annað og ákærði snúið að henni „sennilega svona 45 gráður á hana“, hugsanlega „35 gráður“. Ákærði hefði verið hægra megin við brotaþola og notað vinstri höndina, en hann væri réttthentur. Hann hefði verið þétt upp við brotaþola og hún hefði ekki fært sig neitt frá honum. Þegar ákærði hefði hætt að snerta brotaþola hefði hann farið „að tala svona með höndunum“.

Ákærði sagði að á meðan á þessu hefði staðið hefði brotaþoli verið „að spjalla við konuna“. Brotaþoli hefði haldið utan um ákærða „og bankar eitthvað smá svona í“ viðbein hans. Því hefði ákærði tekið „bara sem spenningi, út af því að hún var að tala, og hún vildi fá mig afsíðis þar sem enginn sér og það hefur örugglega ekki verið bara til að spjalla. Mér fannst það bara mjög góð hugmynd [...] og hvernig viðbrögð hennar eru þá er það, hún vill vera nálægt mér“.

Ákærði sagði, nánar spurður um hvort brotaþoli hefði snert hann með sambærilegum hætti og hann hana, að hún hefði strokið sér „milli efra og neðra baks“. Hún hefði ekkert gert til að ýta sér frá, en það hefði verið auðvelt fyrir hana ef hún hefði viljað. „Hefði hún stigið aðeins frá, þá hefði allt verið búið. Hefði hún ýtt aðeins frá, hefði hún ýtt aðeins á höndina, þá hefði allt verið búið. En hún gerði ekkert slíkt.“

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði snert brotaþola með þessum hætti á meðan hún átti í samtali við konuna. Ákærði sagði að þar hefði „áfengið“ komið við sögu og aðstæðurnar, „við ætluðum að fara eitthvað, vorum að kyssast og ætluðum að fara eitthvað afsíðis og einhvern veginn hélt ég þá bara, það var ekkert meira en það, þetta var bara heimskuleg ákvörðun hjá heimskulegum krökkum, [...] það var hömluleysi bara hjá okkur tveim, að vilja vera nán“. Nánar spurður bætti ákærði við að þetta hefði verið „bara smá stríðni og það var ekkert meira bak við það, ég var ekkert að fara að gera neitt meira.“ Kossarnir hefðu verið „tungukossar“.

Ákærði sagði að þau hefðu spjallað eitthvað saman eftir að samtalinu við konuna hefði lokið. Ákærði kvaðst muna að hún hefði í einhverju samhengi ávarpað sig með nafni. Það hefði hún ekki gert kuldalega „en mér fannst hún vera að skipta yfir í hlutleysi, og svona á báðum áttum, og [...] þá dettur mér bara í hug [...] kannski sá hún þabba sinn þarna fyrir utan, kannski vildi hún ekki að hann sæi okkur saman, og þess vegna vildi hún fara afsíðis“. Nánar spurður sagði ákærði: „Mér fannst eitthvað vera að breytast og

miðað við allt sem hafði [...], að ég hafi ekki munað eftir henni eftir að við sváfum saman, að ég þurfti að spyrja hana nafns, og það að hún hafi gefið mér fingurinn fyrr um kvöldið og það að [...], þetta var svona allt svona viðvörunarbjöllur [...] hún hafði fulla ástæðu til að, þannig að það rann upp fyrir mér [...], eins og hún væri að gera upp sinn hug um eitthvað upp á nýtt. En það var ekkert eins og, hún var ekkert í ásakandi tóni en það var eitthvað að breytast sá ég. Og ég hefði í rauninni ekki átt að fara upp með henni á [...] eða dansa við hana þannig séð“. Faðir brotaþola fyrirliti sig og greinilegt væri „að hann hefur talað við hana um það.“ [...].

Ákærði sagðist ekki hafa séð föður brotaþola á þessum tíma en hafa séð föðurbróður hennar.

Ákærði sagði að umræddar snertingar sínar hefðu verið „í örfáar sekúndur“, færri en tíu, og allan tímann hefði konan verið hjá þeim. Það hefði verið sín ákvörðun að hætta snertingunum. Bæði hefðu brotaþoli og konan farið að tala um eitthvað sem hann kannaðist við og hann þá tekið þátt í samræðunum og auk þess hefði hann ákveðið „að sleppa þessu núna“ því þau væru „ekkert hvort sem er að fara heim saman“.

Ákærði sagði að sér liði hræðilega yfir því að vera kominn fyrir dóm, ásakaður um nauðgun. Hann gæti ekki hugsað sér að fremja slíkan verknað. Tíminn frá því málið hefði komið upp hefði verið virkilega erfiður. Hann hefði engan sakaferil.

Ákærði var spurður um orð brotaþola í skýrslutöku hjá lögreglu, þess efnis að hún hefði ýtt í hann og klipið undir handlegg hans til þess að fá hann til að láta af háttseminni. Ákærði kvaðst ekki kannast við þetta. Hann kvaðst einnig ekki kannast við að hún hefði horft illilega á hann.

Ákærði sagðist hafa drukkið „frekar mikið“ um kvöldið, viskí og bjór. Hann kvaðst telja sig muna atvik málsins rétt.

Ákærði var spurður um orð brotaþola í skýrslutöku hjá lögreglu, þess efnis að hann hefði farið með fingur í leggöng hennar og hreyft hann þar fram og til baka í nokkurar sekúndur. Ákærði neitaði því.

B, brotaþoli, sagði þau ákærða hafa átt samskipti „á tinder“ og hún hefði hitt hann einu sinni í framhaldi af því og þau þá sofið saman. Hún kvaðst ekki muna hvenær það hefði verið, svo langt væri liðið. Eftir það hefðu þau ekki átt samskipti fram að því kvöldi sem mál þetta varðar.

Brotapoli sagðist ekki muna eftir öllum atvikum umrædds kvölds, en þau hefðu bæði verið á skemmtistaðnum [...] og sjálf hefði hún verið „frekar mikið full“. Hún hefði eitthvað verið að tala við ákærða og vin hans. Þau hefðu eitthvað verið að „hlæja og allskonar svoleiðis“ en hún hefði tekið fram við ákærða að hún „væri ekki að fara með honum heim þetta kvöld“, vegna þess að hann hefði ökklabrotið föður hennar.

Brotapoli sagði að E frænka sín hefði verið með sér allt kvöldið.

Brotapoli sagðist eftir þetta hafa farið að skemmtistaðnum [...] til þess að hitta föður sinn en einnig vegna þess að [...] hefði verið lokað. Ákærði og vinur hans hefðu farið með, að því er hana minnti, en hún hefði verið að flýta sér. Þegar hún hefði komið að [...] hefði einnig verið verið að loka honum. Hún hefði því verið fyrir utan og reynt að hringja til föður síns, sem ekki hefði svarað. Brotapoli hefði staðið „upp við [...]“. C hefði komið að og brotapolí farið að tala við hana. Á sama tíma hefði E frænka hennar verið að „tala við einhvern annan þarna fyrir utan, þannig að hún var ekki hjá mér, og þá kemur hann [...] og er þarna hjá mér eitthvað og setur hendina utan um mig og [...] ég var svo sem ekkert eitthvað brjáluð yfir því [...], ég var ekkert að pæla í því og var að tala við C, sem er systir fyrrverandi konu pabba, og síðan fer hann bara með hendina undir kjólinn minn og [...] ég reyndi alveg að stoppa hann, [...] ég kleip hann og ýtti honum og gaf honum olnbogaskot alveg, og síðan þótt hann hætti ekki þá sá ég síðan pabba koma út og þá fattaði ég allt í einu að ég gat sagt bara eitthvað um pabba minn til þess að reyna að hræða hann [...] og ég tók í báðar hendurnar hans og hélt honum svona og sagði ‚ef pabbi sæi hvað þú værir að gera þá væri hann brjálaður‘. Þá hló hann bara og síðan var ég bara orðin svo ógeðslega reið og ég öskraði ‚hvað heldurðu að þú sért að gera‘ og þá hljóp hann í burtu. Nánar spurð sýndi að hún hefði klipið ákærða í upphandlegg og gefið honum olnbogaskot í síðu.

Brotapoli sagði að ákærði hefði engin viðbrögð sýnt, er hún hefði klipið í hann, ýtt honum og gefið honum olnbogaskotið. Hún var spurð hvort hún hefði sagt eitthvað við hann og svaraði að sig minnti að hún hefði sagt ‚hættu‘, eða slíkt. Hún væri þó ekki alveg viss. Hún var spurð um orð sín í skýrslutöku hjá lögreglu, þess efnis að hún hefði hoppað afturábak frá ákærða og svaraði að hún „hoppaði frá og hélt hendinni hans með báðum höndum.“ Brotapoli sagðist halda að C hefði verið að snúa frá þeim þegar þetta hefði verið.

Brotapoli var nánar spurð um snertingar ákærða. Hún sagði ákærða hafa staðið hægra megin við sig, komið með vinstri hönd aftan að, fært nærbuxur hennar til hliðar

og sett „bara puttana inn“ í leggöngin. Nánar spurð sagðist hún ekki vita hvort hann hefði notað einn fingur eða fleiri. Hann hefði farið djúpt inn. Hún sagðist ekki vita hversu langan tíma þetta hefði tekið, hugsanlega eina og hálfu mínútu. Hún var spurð um orð sín í lögregluskýrslu, þess efnis að þetta hefði tekið nokkurar sekúndur, og svaraði að mjög langt væri liðið frá atburðinum. Brotapoli sagðist hafa verið í kjól og eftir því sem sig minnti í hnéháum sokkum en ekki sokkabuxum. Hún sagðist þó ekki muna það alveg. Brotapoli sagðist hafa tekið hönd ákærða frá þegar hún hefði séð föður sinn. C hefði þá staðið fyrir framan brotapola. Nánar spurð sagðist hún telja að C hefði verið nýbúin að snúa sér við þegar brotapoli hefði tekið hönd ákærða frá sér. Brotapoli hefði hlaupið í burtu en E komið upp að brotapola og séð „að það er ekki allt í góðu“. Brotapoli hefði farið að gráta. Þá hefðu föðurbróðir brotapola og faðir E komið að og brotapoli hefði sagt þeim hvað hefði komið fyrir. Faðir brotapola hefði einnig heyrt frásögn hennar. Föðurbróðir hennar hefði farið með henni í lögreglubifreið en faðir hennar hefði farið og „drullar yfir“ ákærða.

Brotapoli sagði að C hefði ekki orðið vör við hvað gerðist. Brotapoli hefði falið það. Hún hefði verið hrædd við ákærða.

Brotapoli var spurð hvort þau ákærði hefðu verið búin að snerta hvort annað áður en C hefði komið. Brotapoli svaraði: „Ekki svo að ég viti til“, en hún hefði verið að reyna að hringja í föður sinn, ekki að gera neitt annað.

Brotapoli var spurð hvort þau ákærði hefðu eitthvað rætt um hugsanlegan áhuga hvors á öðru, og svaraði: „Nei, [...] ég held að ég hafi alveg [...] kannski gefið eitthvað í skyn en samt var ég alveg búin að segja [...] ,ég er ekki að fara með þér heim““. Nánar spurð hvernig hún hefði hugsanlega gefið eitthvað í skyn sagðist hún ekki vita það, en bætti við að hún hefði verið „að sýna kannski áhuga, [...] en ég geri það mjög mikið ef ég er í glasi, þá tala ég rosalega mikið við fólk“. Við þær aðstæður gæti hún hugsanlega snert hendur fólks og „gæti alveg knúsað“ aðra. Hún yrði „ástrík“ þegar hún væri „í glasi“, en gengi ekki lengra en þetta. Hún sagðist ekki muna til þess að hafa verið „ástrík“ við ákærða umrætt sinn. Þau hefðu ekkert verið að kyssast þetta kvöld.

Brotapoli sagði sér hafa liðið hræðilega eftir atvikið. Hún hefði gengið í gegnum ýmislegt áður og þetta hefði slegið sig út af laginu. Hún hefði leitað sér aðstoðar á Landspítalanum og farið þar í að minnsta kosti fjögur viðtöl á geðdeild. Þaðan hefði sér verið hjálpað til að komast í áfallameðferð.

Vitnið C sagðist tengjast brotþola þannig að systir vitnisins væri fyrrverandi eiginkona föður brotþola. Vitnið sagðist hafa umrædd kvöld hafa séð útundan sér „upp við [...] við hliðina á mér þá er stelpa og strákur sem ég taldi bara vera að kyssast eitthvað.“ Vitnið hefði ekki hugsað frekar um það en stúlkan hefði þá hnippt í vitnið og spurt hvort það þekkti sig ekki. „Og út frá því þá stöndum við bara svona í hring, ég og þessi strákur og hún“. Vitnið hefði spurt brotþola um föður brotþola, en hann og systir vitnisins hefðu þá verið skilin, og brotþoli hefði svarað henni. Í framhaldinu hefði ákærði spurt hver vitnið væri, brotþoli hefði kynnt þau og þá hefði komið í ljós að hann þekkti systur vitnisins. Í framhaldinu hefðu þau spjallað „um þetta“ og svo hefði vitnið yfirgefið þau.

Vitnið var spurt hvernig samskipti ákærða og brotþola hefðu komið því fyrir sjónir. Vitnið svaraði að þau hefðu fyrir sér litið út eins og „fólk sem var að ‚höstla‘ hvort annað.“ Vitnið sagðist ekki hafa séð neitt óeðlilegt. Nánar spurt sagði vitnið: „Þegar að ég stend þarna og er að reykja þá sé bara svona útundan mér fólk við hliðina á mér, þau voru örugglega að kyssast eða allavega eitthvað svona þarna upp við grindverkið.“ Enn nánar spurt sagðist vitnið ekki vissu hvort þau hefðu verið að kyssast en þau hefðu látið vel hvort að öðru.

Vitnið sagðist ekki muna eftir neinum kossum eða strokum milli ákærða og brotþola á meðan á samtali þeirra hefði staðið. Vitnið sagðist ekki hafa tekið eftir neinni breytingu á hegðun brotþola á meðan á samskiptum þeirra hefði staðið. Vitnið sagðist ekki hafa séð hana hoppa aftur á bak eða bregðast reiðilega við ákærða. Vitnið sagði að það hefði hvorki séð brotþola gefa ákærða olnbogaskot né klípa hann. Vitnið kvaðst telja að það hefði séð það, hefði brotþoli gert slíkt. Vitnið sagðist telja, að ef eitthvað hafi komið fyrir milli ákærða og brotþola, þá hefði það ekki verið á meðan vitnið var á staðnum.

Vitnið hefði eftir samtalið farið inn á skemmtistað en komið svo út þaðan aftur, þegar honum hefði verið lokað. Þá hefði faðir brotþola verið „eitthvað brjálaður, eitthvað á eftir þessum strák eitthvað, segir að hann hafi misnotað dóttur sína, eða eitthvað“. Vitnið hefði farið til lögreglu, sem hefði verið þar nálægt, og beðið hana um að kanna málið áður en það endaði „í rugli“.

Vitnið sagðist hafa verið „aðeins í glasi“.

Vitnið E sagði þær brotþola vera systkinabörn og nánar vinkonur. Vitnið sagði að umrætt kvöld hefði brotþoli verið „alveg í [ákærða], þannig séð, á [...]“. Hún hefði

hins vegar ekki verið að gefa í skyn að hún vildi „vera með honum eða neitt þannig. En var samt alveg í honum og var aðeins að „flörta“ við hann og eitthvað þannig.“ Þær hefðu svo farið að [...] og ákærði farið með þeim. Vitnið hefði þá ekki nemt að vera með þeim lengur og farið í burtu og talað við föður sinn og frænda. Eftir það hefði vitnið séð brotþola „koma niður, bara mjög svona skrýtna“. Vitnið hefði spurt brotþola hvað hefði komið fyrir og brotþoli hefði þá brotnað niður og sagt sér „að hann hefði verið með hendurnar [...] inn í nærbuxurnar á henni og byrjaði að putta hana þar á staðnum“. Brotþoli hefði sagt að hún hefði frosið og ekki getað gert neitt fyrr en síðar og þá tekið í hendur ákærða og spurt hann hvað hann væri að gera.

Vitnið var spurt hvers vegna það hefði ekki nemt að vera lengur með brotþola og ákærða. Vitnið svaraði að sér hefði þótt brotþoli vera með „smá stæla“. Vitnið hefði sagt henni að vera ekki með ákærða „af því að við vitum alveg að hann og pabbi hennar eru ekki með gott samband“. Brotþoli hefði ekki viljað hlusta á þetta. Vitnið hefði beðið brotþola um að koma með sér en brotþoli hefði ekki gert það. Ákærði hefði heyrt þetta. Vitnið sagði ákærða hafa haldið um mitti brotþola en vitnið hefði ekki séð þau kyssast. Vitnið var spurt hvort það hefði tekið eftir einhverju sem benti til að brotþola hefði þótt samskiptin við ákærða óþægileg, og svaraði: „Ja, svona hvernig hún stóð og eitthvað þannig, mér fannst hún vera svolítið svona óþægileg.“ Vitnið var spurt um líðan brotþola þegar vitnið hefði farið frá henni og brotþola. Vitnið svaraði að það teldi að þá hefði brotþoli verið „ágæt, bara að skemmta sér“. Þegar vitnið hefði séð hana næst hefði það strax séð á andliti hennar „að það gerðist eitthvað“.

Vitnið sagðist hafa verið farið burt þegar brotþoli hefði hitt C.

Vitnið sagði að á [...] hefðu ákærði og brotþoli verið hvort utan í öðru. Nánar spurt sagði vitnið að brotþoli hefði verið „mikið að tala við hann og svona þannig séð bara að „flörta“, en hann var alveg með hendurnar utan í henni“ og eins og hann „væri svona að knúsa“ hana aftan frá. Hann hefði eitthvað strokið brotþola en vitnið hefði hvorki séð hann strjúka um kynfæri né brjóst. Vitnið sagði ákærða og brotþola ekki hafa gefið sig hvort að öðru á leiðinni frá [...] að [...].

Vitnið sagði að brotþola hefði liðið illa eftir atvikið.

Vitnið F, faðir brotþola, sagði að umrætt kvöld hefði brotþoli komið að máli við sig inni á [...] og ákærði þá verið með henni. Þau hefðu spjallað eitthvað saman „um daginn og veginn“.

Vitnið hefði síðar hitt brotþola fyrir utan og hún þá verið í miklu uppnámi og sagt að ákærði „hefði brotið á henni“. Það hefði verið kynferðislega en hún hefði hins vegar ekki lýst því nánar.

Vitnið sagði að eftir þetta hefði ákærði gengið burtu, rösklega að mati vitnisins. Vitnið hefði reynt að kalla á eftir honum.

Vitnið sagði að brotþola hefði liðið illa vegna málsins og kæmist í mikið uppnám ef að væri rætt.

Vitnið sagðist ekki muna til þess að hafa farið á skemmtistaðinn H30 þetta kvöld. Vitnið sagðist hafa verið talsvert ölvað.

Vitnið sagði að milli þeirra ákærða væri sú saga að [...].

Vitnið G sagðist vera vinur ákærða en að þau brotþoli þekktust ekki. Vitnið sagðist hafa farið út að skemmta sér með ákærða umrætt kvöld. Þeir hefðu hitt brotþola á skemmtistaðnum [...]. Vitnið hefði brugðið sér af staðnum til að fá sér að borða en síðar um kvöldið hefði það séð ákærða að tala við brotþola fyrir utan [...]. Svo hefðu þau verið „í einhverjum faðmlögum og svona, og svo hrinti hún honum frá og hljóp í burtu.“ Þetta hefði vitnið séð sjálft, en það hefði staðið „þarna við hliðin á.“ Eftir þetta hefðu þeir ákærði rölt niður Hafnargötu og ætlað heim. Fljótlega hefði faðir brotþola komið að og ætlað að ráðast á ákærða.

Vitnið sagði brotþola og ákærða hafa staðið hvort á móti öðru þegar það hefði komið að þeim. Vitnið hefði verið til hliðar við þau.

Vitnið sagði að sig minnti að það hefði séð ákærða og brotþola kyssast, en kvaðst ekki geta fullyrt það. Hefði það þá verið fyrir utan [...]. Það hefði verið „alveg örugglega einhverjar tvær þrjár mínútur“ sem vitnið hefði séð þau þar. Þau hefðu þar verið tvö og ekki að tala við neinn annan. Þau hefðu verið að tala saman og í einhverjum faðmlögum en brotþoli hefði svo skyndilega hrint ákærða frá sér.

Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart við að annað hefði hönd milli læra hins.

Vitnið H lögregluþjónn sagðist hafa verið á bakvakt og hafa verið kallað út vegna meints kynferðisbrots en meintur gerandi væri í haldi lögreglu. Vitnið hefði farið á lögreglustöð og tekið stroksýni af fingrum ákærða og í framhaldi komið þeim til tæknideildar til rannsóknar.

Vitnið sagðist hafa tekið skýrslu af ákærða. Hann hefði að mati vitnisins verið samvinnuþýður.

Vitnið I, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sagðist hafa fengið senda öskju með stroksýnum og hafa haft milligöngu um að senda þau til rannsóknar erlendis. Niðurstöður hafi orðið þær að sýni af vísifingri og löngutöng vinstri handar hefðu sýnt DNA-snið sem væri eins og snið brotaþola. Sýni af baugfingri og þumli vinstri handar hefðu sýnt DNA-snið, eins og snið brotaþola, „ásamt auka DNA, en, það var það lítið að það var ekki hægt að samkenna það við einstakling.“ Sýni af hægri hönd hefðu ekki gefið snið. Vitnið sagði að það teldi líklegast að auka DNA, sem komið hefði í ljós, væri frá ákærða sjálfum.

Vitnið sagði að ekki yrði fullyrt af niðurstöðunum að fingur ákærða hafi farið inn í leggöng brotaþola. Vitnið sagði að ef farið væri inn í leggöng „losnar meira af frumum frá brotaþola við það heldur en að strjúka yfir rass eða strjúka utan á kynfærunum. Þannig að það eru meiri líkur á að fá DNA-ið með því stinga fingrunum inn í leggöngin en ég get ekki fullyrt það út frá þessum niðurstöðum um hvort er að ræða. Líkurnar eru meiri með því að fara inn en hitt er alls ekki útilokað.“

Vitnið sagði að tveir pinnar væru í hverri öskju og tekið stroksýni af hverjum fingri „en vegna þess að þessi sýni eru yfirleitt í það litlu magni að þá eru pinnarnir keyrðir saman“, vísifingur og langatöng saman og baugfingur og þumall saman. Ekki væri hægt að útiloka að ákærði hefði strokið með einum fingri og DNA og farið milli fingra hans.

Vitnið J lögregluþjónn sagðist hafa verið á vakt í miðbæ Keflavíkur þegar til lögreglu hefði komið stúlka í miklu uppnámi og sagt „að maður hefði leitað á sig“. Lögregla hefði talið frásögnina trúverðuga. Vitnið kvaðst að öðru leyti vísa til skýrslu sinnar. Vitnið staðfesti skýrsluna.

Vitnið K læknir sagðist hafa verið kallað út til að annast skoðun brotaþola á Neyðarmóttöku. Skoðun brotaþola hefði verið eðlileg og engir sjáanlegir áverkar. Brotaþoli hefði sagt að að maður hefði káfað á kynfærum hennar og stungið fingri í leggöngin. Engin ummerki hefðu komið fram um þetta í skoðuninni, en ekki þyrftu að vera slík ummerki þótt fingur hefði farið í leggöngin.

Vitnið sagði að brotþola hefði verið skýr í frásögn og sagt vel frá, grátið einu sinni.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið L hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku sagðist hafa verið kallað út til að sinna brotþola. Brotþoli hefði sagt að hún hefði orðið fyrir kynferðisbroti í Keflavík þar sem einstaklingur hefði komið að henni, „verið dálítið ágengur og hefði farið svo með hendina upp undir pilsíð á henni og farið með fingur inn í leggöng.“ Hún hefði orðið mjög hrædd, stífnað upp og svo öskrað á aðstoð og þá hefði einhver komið til hjálpar. Í kjölfarið hefði verið hringt til lögreglu.

Vitnið sagði brotþola hafa gefið góða og skýra frásögn en grátið og liðið illa og sýnt hefðbundin einkenni eftir kynferðisofbeldi.

Vitnið sagðist ekki muna eftir neinu sérstöku úr skoðun brotþola.

Niðurstaða

Ljóst er af framburði bæði ákærða og brotþola fyrir dómi að þau áttu samskipti aðfaranótt 2. september 2018. Þá verður að telja óumdeilt og ljóst að þeim samskiptum hafi lokið utan við skemmtistaðinn [...] eftir að ákærði hafði strokið brotþola innan klæða, þar á meðal á kynfærasvæði. Hjá lögreglu talaði ákærði um að hann hefði strokið milli læra brotþola og „upp eftir þarna með rasskinninni“. Þá sagði hann fyrir dómi að hann hefði snert kynfæri brotþola.

Ákærða er meðal annars gefið að sök að hafa stungið fingri í leggöng brotþola en hann neitar að hafa gert svo. Um þetta atriði hafa ákærði og brotþoli borið hvort með sínum hætti allt frá upphafi. Brotþoli tjáði lögreglu á vettvangi, örskömmu eftir að samskiptum þeirra ákærða lauk, að hann hefði farið með fingur í leggöngin og sömu sögu sagði hún lækni og hjúkrunarfræðingi á Neyðarmóttöku við skoðun síðar sama dag. E, frænka brotþola, sagði hana hafa sagt sér að ákærði hefði verið „að putta hana þar á staðnum“. Ákærði sagði lögreglu á hinn bóginn að hann hefði strokið brotþola en ekki farið inn í leggöngin. Standa með þessum hætti orð brotþola gegn orðum ákærða um þetta atriði. Fyrir liggur að lífsýni fundust á fingrum ákærða. Vitnið I, sérfræðingur á tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, skýrði niðurstöðurnar þannig fyrir dómi að þær tækju engin tvímæli af um það hvort fingur ákærða hefði farið inn í leggöngin. Verða niðurstöðurnar skýrðar með hliðsjón af framburði I þannig að hvort

sem er geti verið, að fingur ákærða hafi í raun farið inn í leggöngin eins og brotþoli segir, eða að ákærði hafi strokið brotþola eins og hann segir, án þess að fara inn í leggöng hennar. Ekkert óeðlilegt sást við læknisskoðun en í ljósi skýrslu K læknis fyrir dómi verða engar sérstakar ályktanir dregnar af því hér.

E lýsti fyrir dómi að hún hefði séð breytingu á brotþola er hún hitti hana eftir atvikið. Er það til stuðnings því að brotið hafi verið á brotþola skömmu áður, en segir í sjálfu sér ekkert um hvernig brotið hafi nákvæmlega verið framið.

Ákærði og brotþoli gáfu bæði skýrslu fyrir dómi og voru bæði trúverðug. Þau hafa verið sjálfum sér samkvæm frá upphafi málsins. Það að brotþoli segi frá með þeim hætti sem hún gerði svo skömmu eftir atvikið er frásögn hennar til styrktar. Ákærði sagði einnig frá af sinni hálfu við upphaf rannsóknar, en hafa verður í huga að þá hafði verið tekið lífsýni af fingrum hans. Ekkert af þessu breytir þó því að um þetta atriði standa orð á móti orði og meginregla er í sakamálaréttarfari að ákærvaldið ber sönnunarbyrðina af sekt ákærða og öðru því sem honum er í óhag. Skylt er að skýra skynsamlegan vafa ákærðum manni í hag. Þegar á allt framanritað er horft verður ekki talið að færð hafi verið fram lögfull sönnun, sem hafin sé yfir skynsamlegan vafa, fyrir því að ákærði hafi umrætt sinn stungið fingri í leggöng brotþola og verður því að sýkna hann af því ákæruatriði. Verður hann ekki sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. laga nr. 19/1940 í málinu.

Eins og áður sagði verður að telja ljóst að ákærði þreifaði á brotþola umrætt sinn og var hún þá á tali við aðra konu C. Þá er ljóst að ákærði og brotþoli höfðu haft allnokkur samskipti fyrr um nóttina. Þau hittust á skemmtistaðnum [...] og við munnlegan málflutning kom fram af hálfu ákærvaldsins að ekki væri vefengt að þau hefðu þar dansað. Brotþoli sagðist hafa talað við ákærða og þau verið eitthvað „að hlæja og allskonar svoleiðis.“ E, frænka brotþola, sagði hana ekki hafa gefið í skyn að hún vildi „vera með honum eða neitt þannig. En var samt alveg í honum og var aðeins að „flörta“ við hann og eitthvað þannig“. Vitnið C, sem sá brotþola og ákærða stuttu áður en samtal þeirra á vettvangi hófst, sagðist telja þau hafa verið að kyssast eða eitthvað slíkt. Vitnið lýsti fyrir dómi að þau hefðu komið sér fyrir sjónir eins og „fólk sem var að „höstla“ hvort annað.“ Þá liggur fyrir í málinu með framburði ákærða og brotþola að þau hittust einu sinni árið áður og sváfu þá saman.

Í þessu máli verður að telja sannað að ákærði hafi farið með hönd sína undir fót brotþola og strokið meðal annars um sitjanda hennar og snert kynfæri hennar. Það gerði

hann á meðan hún var að tala við C. Það sem rakið var af samskiptum ákærða og brotþola fyrir um nóttina er út af fyrir sig þess eðlis að geta í einhverjum tilvikum verið undanfari nánari samskipta. Þegar ákærði tekur að strjúka brotþola með þeim hætti sem hann gerði, gengur hann hins vegar mun lengra en þau höfðu áður gert um nóttina. Það gerir hann þegar brotþoli á í samtali við aðra konu og án þess að brotþoli hafi á neinn hátt gefið til kynna að þetta væri ákærða heimilt. Ekkert í samskiptum ákærða og brotþola fyrir þetta atvik heimilar ákærða að strjúka brotþola um sitjanda og kynfæri innan klæða og viðbrögð hennar við strokunum gera það ekki heldur. Mátti ákærða vera þetta ljóst. Verður að telja ákærða hafa með þessari háttsemi áreitt brotþola kynferðislega. Ákærði sagðist fyrir dómi einnig hafa haldið utan um sitjanda brotþola utan klæða og þykir óhætt að miða við það. Ákærði fór við strokur sínar undir pils og inn undir nærbuxur brotþola. Þykir óhætt að leggja til grundvallar að hann hafi við framangreindar aðstæður strokið sitjanda og kynfæri brotþola utan og innan klæða. Verður hann sakfelldur fyrir brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga vegna þessarar háttsemi eins og gerð er krafa um í varakröfu í ákæru.

Ákærði hefur hreinan sakaferil. Hann hefur ekki reynt að breiða yfir að hafa viðhaft þá háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir. Þegar á allt er horft verður refsing hans ákveðin fangelsi í fimm mánuði en fullnustu hennar frestað og niður falli hún að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð. Ákærði hefur framið meingerð gegn brotþola og ber bótaábyrgð á henni. Telja verður háttsemina til þess fallna að valda brotþola angist og erfiðleikum og verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir en bótakrafa var birt 21. janúar 2019. Daníel Reynisson lögmaður var verjandi ákærða fyrir dómi og ákveðst þóknun hans 1.581.000 krónur með virðisaukaskatti. Þóknun réttargæzlumans brotþola, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns ákveðst 682.000 krónur með virðisaukaskatti. Þessar fjárhæðir auk 37.120 króna ferðakostnaðar verjanda, 50.400 króna kostnaðar réttargæzlumans og 129.500 króna annars sakarkostnaðar greiði ákærði að þriðjungi en ríkissjóður að öðru leyti. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari málið. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði B 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2018 til 21. febrúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Daníels Reynissonar, 1.581.000 krónur, 37.120 króna kostnað verjandans, 682.000 króna þóknun og 50.400 króna kostnað réttargæzlumanns brotaþola, Halldóru Aðalsteinsdóttur, og 129.500 króna annan sakarkostnað greiði ákærði að þriðjungi en ríkissjóður að öðru leyti.

Þorsteinn Davíðsson